

Vopnafjarðarhreppur
Sigurður Jónsson
Hamrahlíð 15
690 Vopnafjörður

Reykjavík, 30. mars 2021
UST202103-300/B.S.
10.05.00

Efni: Skógrækt - Egilsstaðir í Vopnafirði. Grenndarkynning. Umsögn

Vísað er til bréfs Vopnafjarðarhrepps dags. 15. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda framkvæmd.

Fyrirhugað er að rækta fjölnytjaskóg á 53 ha svæði á jörðinni Egilsstöðum í Vopnafirði.

Upplýsingar um framkvæmdina eru af frekar skornum skammti, þó er gerð grein fyrir áhrifum á vistkerfi og jarðmyndanir sem talin eru óveruleg. Fram kemur að skógræktin muni hafa áhrif á ásýnd og landslag. Gjarnan hefði mátt gera grein fyrir því hvort leitast verði við að fella skóginn að landi þannig að skógarjaðarinn verði frekar felldur að landformum fremur en að fylgja hnittsettum punktum sem afmarka flatarmál án þess er virðist að taka mið af landslagi.

Votlendi

Umhverfisstofnun bendir á að votlendið sem er norð- vestur hluta svæðisins við hnittpunkta þrjú og fjögur fellur undir a. lið 1. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Hægt er að sjá útbreiðslu votlendisins á kortasjá Náttúrufræðistofnunar Íslands (<https://serstokvernd.ni.is/>).

Umhverfisstofnun telur að skógræktaráformin geti raskað votlendinu á svæðinu.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að fjallað sé um votlendið og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask votlendisins sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á votlendi þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta

sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúrumínjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Umhverfisstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnu ekki athugasemdir við umrædda skógrækt.

Virðingarfyllst


Björn Stefansson
Sérfræðingur



Axel Benediktsson
Sérfræðingur